

1857. sínnum tíma annaðhvort skýri almenníngi eða dómsmálastjórninni
3. júní. frá árángri þeim sem þetta hefir haft.

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra herra stiptamtman-
inum frá til þóknanlegrar vitundar og auglýsingar fyrir hlutað-
eigendum, og verð eg þarhjá biðja yður að sjá um, að fê þetta
sè goldið úr jarðabókarsjóðnum.

16. júní. **17. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-
mannsins og biskupsins á Íslandi um vitnisburði
um kunnáttu í íslenzku.**

Dómsmálastjórnin hefir í dag ritað kirkju- og kennslustjórn-
inni á þessa leið:

„Eptir að hafa fengið bréf kirkju- og kennslustjórnar-
innar 26. marz þ. á. hefir dómsmálastjórnin ritað konúngi,
og hefir Hans Hátign 27. f. m. þóknast allramildlegast að
fallast á, að vitnisburðir þeir um kunnáttu í íslenzku, sem
úrskurður konúngs 8. apríl 1844 skipar fyrir að fylgja skuli
bónarbréfum þeirra, sem sækja um embætti á Íslandi en ekki
eru fæddir þar, skuli fyrst um sinn, til þess þeir verði álitnir
fullgildir, gefnir annaðhvort af kennaranum í Norðurlandamálum
við Kaupmannahafnar háskóla, eða af kennara þeim við Reykja-
víkur skóla, sem skipað er að kenna íslenzku. Konúngi hefir
þarhjá mildilega þóknast að heimila dómsmálastjórninni vald
til nákvæmar að ákveða, bæði hvernig haga skuli prófi því í
íslenzku, sem hlutaðeigendur eiga að standa áður þeir geti
fengið vitnisburð um kunnáttu í málinu, og svo líka hve mikla
borgun ber að greiða.

Samkvæmt þessu skal það vera almenn regla, að þeir
sem ganga undir þetta próf skuli bæði vera svo leiknir og
líðugir í íslenzku, að þeir geti talað og skilið það sem vana-
legast kemur fyrir í daglegu lífi, og einnig vera kunnugir
íslenzkri málfræði, einkum hljóðfræði og hneigíngafræði hennar,
og hinum helztu einkunnum í orðaskipuninni. Auk þessa
skulu þeir, þegar þeir vilja öðlast lagaembætti, hafa lesið lög-

bók Íslendinga, Jónsbókina, á íslenskri tungu, en vili þeir verða læknar þar í landi, þá skulu þeir hafa lesið lækníngabók Jóns Péturssonar og hina íslensku útleggíng af bók þeirri, sem heitir: „útdráttur af yfirsetukvennafræðinni, kennslubók handa yfirsetukonum“ eptir Dr. Levy, og láta reyna sig í þessum ritum.

1857.
16. júní.

Um leið og eg skýri kirkju- og kennslustjórninni frá þessu til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar fyrir háskólakennara Konráði Gíslasyni og stiptsyfirvöldunum á Íslandi, bæti eg því við, að stjórnarráðið mun sjá um, að saungjörn þóknun verði veitt þeim sem prófið heldur, hvort sem það verður háskólakennari Konráð Gíslason eða kennarinn í íslensku við Reykjavíkur skóla.”

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra herra stiptamtmaninum frá, og yður, háæruverðugi herra, til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um kosningu bæjarfulltrúa í Reykjavíkur kaupstað. 30. júní.

Með þóknanlegu bréfi 26. febrúar þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn sent hingað beiðni frá bæjarfulltrúunum í Reykjavíkur kaupstað um, að yrði lagt til úrslita fyrir dómsmálastjórnina úrskurður yðar af 2. s. m., og hefir bæjarfógetinn sagt álit sitt um þessa beiðni; en í þessum úrskurði yðar var ákveðið, að bæjarfulltrúi D. Thomsen, sem að áleti bæjarstjórnarinnar átti að fara frá í byrjun þessa árs, sökum þess að hann hafði lengst haft það starf á hendi, skuli vera við til næsta nýjárs, samt að ruglín þann, sem áður er á kominn við kosningar bæjarfulltrúanna, bæri að laga á þann hátt, að á ári því, sem þeir tveir fulltrúarnir fara frá, er kosnir voru 1855, verði í stað annars þeirra kosinn einn fulltrúi af bæjarmönnum aðeins til 2 ára.

Bæjarfulltrúar og bæjarfógeti hafa látið þá meiníngu í ljósi,